Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn 1968, fyrri hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætiráðherra – Bréf – Tönnes Andenæs – Eiríkur Benedikz – Bragi Jósepsson – Guðlaugur Þorláksson – Árni Þ. Árnason – Matthías Á. Mathiesen – ólafur Stephenson – Ragnhildur Halldórsdóttir – Sigríður Thors

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-35, Örk 5

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

[redacted]

17. 8. '68

Hr. forsætisráðherra, dr. Bjarni Benediktsson
þakka yður mikið vel fyrir góðan og áhrifaríkan
málflutning í sjónvarpi í gærkvöldi. Sjálfstæðis-
flokknum og yður til sóma.

Yðar einlæg Sigríður Thors.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

WESTERN KENTUCKY UNIVERSITY

BOWLING GREEN, KENTUCKY

Department of Sociology

2. september 1968

Dr. Bjarni Benediktsson
forsætisráðherra

Kæri herra forsætisráðherra.

Undanfarin tvö ár hef ég haft nokkur bréfaskipti við Björn Bjarnason út af skólarannsóknum og öðrum málum, sem ég hef unnið að. Einstöku sinnum, hef ég beðið hann að koma málum mínum á framfæri við þig og á þann hátt létt að nokkru á því bréfafargani, sem ég er viss um að er samfara hinu virðulega starfi forsætisráðherra. Ég geri því ráð fyrir að þér sé að nokkru kunnugt um sumt af þeim störfum, sem ég hef unnið að, að undanförnu.

Fyrir um það bil þremur árum átti ég samtal við þig á skrifstofu þinni í Stjórnarráðinu og drap þá að nokkru á sumt af þeim viðfangsefnum, sem ég hafði á prjónunum.

Ég hef nokkuð lengi haft áhuga xxxxxxxxx á að komast að hjá UNESCO og geri ég ráð fyrir að meðmæli þau, sem stofnunin hefur fengið frá sendiráði Íslands í París eigi rætur sínar að xxx rekja til þín. Ég er mjög þakklátur fyrir hverja þá aðstoð, sem ráðuneytið getur veitt mér í þessu máli.

Undanfarin tvö ár hef ég starfað við skólarannsóknir og kennslu í uppeldisvísindum hér í Bandaríkjunum. Fellur mér þetta starf mjög vel. Það eina sem verulega skyggir á gleði mína er að mér hefur ekki tekist að ná vinsamlegri samvinnu við menntamálaráðuneytið og þá sérstaklega ráðuneytisstjóra Birgi Thorlacius og Andra Ísaksson, sem vinnur að íslenzkum skólarannsóknum.

Með tilliti til þeirrar einstöku aðstöðu, sem ég hef hér, til þess að vinna að málefnum Íslands verður þetta ástand að teljast einstaklega bagalegt. Í starfi mínu hér í Bandaríkjunum hafa mér verið falin fjölmörg ábyrgðarstörf, sérstaklega er varða skólarannsóknir. Eins og stendur hef ég á hendi yfirstjórn fjögurra stórra verkefna

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Blað 2.

og vinn þar að auki með öðrum að fjölmörgum öðrum viðfangsefnum. Eitt þessara verkefna er fyrir Menntamálaráðuneyti Bandaríkjanna (US. Office of Education), annað er fyrir Atvinnumálaráðuneytið (US. Department of Labor), hin eru fyrir stjórn Kentucky-ríkis og einstakar stafnanir. Svo nokkur dæmi séu tekin um einstök verkefni skal ég nefna eftirfarandi:

> A Study of the Teacher in Southern Appalachia: Training, Degree of Separation from American Society, and Attitudes Held Toward Education, Social Change, and Social Class.

Þetta verkefni varðar stærstu fátækrahéruð Bandaríkjanna og hefur starf mitt meðal þessa fólks veitt mér ómetanlegan lærdóm varðandi skipulagningu á helztu vandamálum fólks, sem ekki vill breytingu til ~~[illegible]~~ nýrra lífshátta.

Annað verkefni nefnist:

> An Institute for Advanced Study in Sociology for Teachers at the Junior College Level in Areas Having Economically Disadvantaged Youth.

Þessi stofnun er nú í undirbúningi og mun taka til starfa næsta sumar.

Þá skal nefna verkefni, sem varðar Ísland og hin norðurlöndin og ef ég man rétt hef ég sent Birni eintak af lýsingu þessa verkefnis, sem fjallar um samanburð á fræðslulögum norðurlandanna fimm hvað við kemur yfirstjórn og skólakerfi. Ef allt fer að óskum með þetta verkefni mun ég fara í sex vikna ferð til norðurlandanna í febrúar næstkomandi.

Nýjasta verkefni, sem ég hef fengið í hendur er undir stjórn eins þekktasta ~~[illegible]~~ vísindamanns þessa skóla og tel ég það mikinn heiður að hann skyldi velja mig sér til aðstoðar. Þetta verkefni ~~[illegible]~~ varðar starfssemi þingsins í Kentucky-ríki og beinist að því að rannsaka á hvern hátt ríkið geti bezt stuðlað að og veitt þingmönnum fræðilega aðstoð í málum er varða þjóðfélagsleg vandamál. Annar þáttur þessa verkefnis, sem mér er óviðkomandi, varðar aðstoð í verkfræðilegum og tæknifræðilegum málum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Auk þess, sem hér hefur verið nefnt hef ég í undanfarin þrjú ár verið fastafulltrúi í skólarannsóknanefnd NAFSA, en þau samtök eru hin víðtækustu er varða málefni erlendra námsmanna í Bandaríkjunum. Ég hef einnig í nokkur ár verið með-ritstjóri tímarits þess, sem samtökin gefa út og haft þar á hendi stjórn reglulegs þáttar um skólarannsóknir. Einnig hef ég starfað sem sérfræðilegur ráðunautur fyrir Phi Delta Kappa- útgáfu á samanburði á námsefni gagnfræðaskóla ýmissa landa og var mannkynssaga þar lögð til grundvallar.

Í sambandi við þessi störf mín og fjölmörg önnur hafa mér borizt gullin tækifæri til að vinna að mikilvægum hagsmunamálum fyrir Ísland. Því miður, eins og bent er á að framan, hefur samvinnuleysi við menntamálaráðuneytið staðið mjög í vegi fyrir jákvæðum árangri. Það er ekkert launungar mál að ég er menntamálaráðherra mjög andvígur í helztu stefnumálum er varða fræðslumálin. Sú stefna, sem hann hefur markað er þjóðinni á móti skapi og hvergi hefur það komið eins glögglega fram eins og á meðal ungra Sjálfstæðismanna. Stjórnarandstaðan hefur aldrei haft manndóm né heldur vit til þess að gagnrýna þessi mál. Einnig hefur menntamálaráðherra notfært sér aðstöðu afturhaldssamasta hóps íslenzkra skólamanna og þannig hefur honum tekizt að halda þessu öllu fljótandi um sinn. En það verður ekki til lengdar. Undanfarna mánuði hef ég verið að vinna að stórum greinaflokk um skólamálin og ef það verður ekki til að koma einhverjum raunhæfum aðgerðum í framkvæmd þá er illa farið.
Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri, hefur unnið íslenzkum skólamálum mikið og gott starf. Fyrir nokkrum árum lagði hann til þess að ég kæmi heim til starfa. Ég ætlaði mér þá að ljúka doktorsritgerð minni og sagðist,að því búnu vera reiðubúinn til að koma til starfa. Þegar ég skrifaði menntamálaráðuneytinu og óskaði eftir starfi fyrr á þessu ári var mér sagt að "ekkert starf væri laust á Íslandi fyrir sérfræðing í skólarannsóknum." Það er ef til vill broslegt að ætlast til þess að ég geti unnið með manni eins og Andra Ísakssyni, sem telur sig of góðan til að veita mér almennar upplýsingar, frá íslenzkum skólarannsóknum og varða mikilvægar rannsóknir, sem ég hef með höndum. Þessháttar embættismenn eru þjóðinni ~~teil~~ til hreinnar óþurftar enda kunna þeir hvorki til verka né heldur hafa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeir manndóm í sér til að taka gagnrýni og leiðbeiningum frá þeim, sem þessum málum eru kunnugir. Ég skal taka fram að ég efast ekki um hæfileika Andra Ísakssonar í sálarfræði, en hvað skólarannsóknum viðvíkur hefur hann berlega opinberað fákunnáttu sína. En hér kemur annað til mála og það er stefna menntamálaráðherra. Hann hefur að öllum líkindum engan áhuga á því að setja á stofn vísindalegar skólarannsóknir. Stefna hans er tvímælalaust sú að halda þessum málum óbreyttum með smávegis nefndastarfsemi og yfirborðs ráðstefnum.

Ég læt þetta nægja að sinni. Ég geri ekki ráð fyrir neinum stórkostlegum breytingum á þessu ári. Ég er mjög hreykinn af umbótastefnu ungra Sjálfstæðismanna. Ég hef einnig látið í ljós aðdáun mína af framsýni og skarpskyggni þinni, sem leiðtoga þessa eina frjálsa umbótaflokks þjóðarinnar. Sjálfur hef ég mikinn hug á að gerast virkur þátttakandi í íslenzkum stjórnmálum. Þekking mín og reynzla á sviði fræðslumála getur orðið þjóðinni til mikils gagns og svo sannanlega hef ég boðskap, sem æska landsins kann að meta. Það er vitað mál að Framsóknarflokkurinn hefur í undirbúningi stórátak til þess að komast í stjórn og ná meirihluta við næstu kosningar. Ungir Framsóknarmenn eru margir hverjir dugmiklir áhugamenn og hafa án efa mikil áhrif í flokknum. Afturhaldsöfl flokksins hafa þó öll völd og væri því illt að hugsa til þess að þjóðin léti blekkjast og veitti þeim meirihlutaaðstöðu á þingi. Ég trúi því ekki að stjórnin hafi nokkuð að óttast hvað viðvíkur efnahagsmálunum. Aftur á móti eru skólamálin þannig vaxin að þau gefa megintilefni til umbótastefnu, sem öll þjóðin getur sameinast um. Það er Sjálfstæðisflokkurinn, einn allra flokka í landinu, sem getur leitt slíka stefnu til sigurs. Það má benda á afburðar stjórn Jónasar B. Jónssonar á þessum málum í Reykjavík og það má benda á þróttmikla stefnu ritstjórnar Morgunblaðsins og ungra Sjálfstæðismanna.

Ef ég verð á ferð í febrúar hef ég hug á að halda nokkra fundi, bæði almenna og innan samtaka Sjálfstæðismanna. Mér þætti vænt um að fá tækifæri til að spjalla við þig í tómi þegar þar að kemur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég vil enn taka fram að ég er mjög reiðubúinn til að taka að mér störf er varða uppeldisvísindi og skólarannsóknir. Í næsta mánuði mun ég fara til Washington, D.C. í heimsókn til Péturs Thorsteinson, sendiherra. Við höfum haft þónokkra samvinnu og hef ég aðstoðað sendiráðið einstöku sinnum varðandi sérstök málefni íslenzkra námsmanna hér í landi. Ég hefi rétt lokið við að gefa út bókaskrá með skýringum um íslenzka menningu og menntun. Við prentuðum 500 eintök og var allur kosnaður greiddur af deild þeirri, sem ég vinn við (Þjóðfélagsfræðideild). Flest af þessu fer til dreifingar hjá Sameinuðu þjóðunum og mun Hannes Kjartansson og sendiráðið þar sjá um það verk. Annar hluti fer til Sendiráðsin í Washington,D.C. og mun það verða sent til dreifingar á Íslandi. Það sem eftir verður verður sent út frá minni skrifstofu.
Svo ég snúi mér aftur að væntanlegri ferð minni til Washington,D.C., er það í sambandi við hugmynd,sem ég hefi rætt við sendiherran, um að skipuleggja almenna upplýsingastarfsemi milli Íslands og Bandaríkjanna á sviði fræðslumála. Hér er einnig um að ræða styrkveitingar til íslenzkra námsmanna, sem auðvelt er að fá við ýmsa háskóla, en ekkert hefur verið gert til að nýta. Einnig má nefna ýmisskonar samvinnu á alþjóðavettvangi, samningu styrkumsókna til ýmissa stofnana, undirbúning á útgáfu almennra heimildarrita fyrir Ísland, o.s.frv. Starfsemi Sameinuðu þjóðanna er eitt af höfuðáhugamálum mínum. Ég er þeirrar skoðunar að aðstaða Íslands á þeim vettvangi sé langt frá því xxx að vera viðunanleg. Með fullri virðingu fyrir þeim mörgu ágætu mönnum, sem þar hafa mætt fyrir Íslands hönd skortir mjög átakanlega talsmenn, sem hafa reynzlu og þekkingu á ákveðnum alþjóðlegum viðfangsefnum. Ég tel að starf mitt á fjölmörgum ráðstefnum og fundum hér í landi gefi ærið tilefni til að ætla að starf mitt á vegum Sameinuðu þjóðanna væri þjóðinni til mikilla hagsbóta.
Þetta mál hef ég ekki rætt við neinn að sinni en mun ræða það við Pétur Thorsteinsson. Einnig get ég nefnt að mér stendur til boða starf við háskóla í New York, þannig að ef ég kemst ekki að hjá UNESCO, væri hin leiðin einnig mjög ákjósanleg. Helzt af öllu vildi ég þó koma heim til starfa og ef starf losnar, sem er að mínu skapi mun ég vissulega gefa kost á mér.
Ég bið þig afsaka þetta langa bréf.

Beztu kveðjur,

Bragi Jóhannsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á dag. Ég skal panta far héðan til Montreal með lest, sem fer frá Kingston kl. 12⁰¹ á hádegi - fimmtud. 25 apríl og kemur til Montreal kl. 3⁰⁹ p.m. lestin kemur á Canadian National Railway stöðina, sem er undir Queen Elizabeth Hótelinu í Montreal.

Hvað lest frá Toronto snertir, þá er lest klukkan 3⁴⁰ e.h., sem kemur til Kingston kl. 6²³ p.h., akkúrat í kvöldmatinn. Svo er líka lest kl. 9¹⁰ f.h. sem kemur til Kingston kl. 12⁰¹ (sú sem þú tekur seinna til Montreal). En það er óþarfi að ákveða þetta með Toronto lestina - það fer eftir því hvenær þú kemur þangað og hvað Ragnar segir. Það er alltaf hægt að fá far frá Toronto. Það eru líka margar flugvélar á dag á milli New York og Toronto. Þegar ég hefi verið á ferð hefi ég venjulega náð strax í vél.

Það er komið vor í loftið, sem betur fer - það var 15 stiga hiti í dag.

Bið kærlega að heilsa Sigríði en ég skil að hún er upptekin. - gætir með afmælis undirbúning - getur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það verið 20 ár síðan að maður lenti í þessu svellandi afmælis-hófi í Ráðherrabústaðnum, nei, nú man ég - það var afmæli mömmu þinnar. Þá var gaman.

Bezt að hafa þetta ekki lengra. Við hlökkum til að sjá þig. Ég skrifa Ragnari og fæ að vita hvenær ég má búast við þér. Óska þér góðrar ferðar,

þín frænka

Ragnheiður Halldórs

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mrs. Lawrence A. Skeoch
Glen Ridge
R.R. 1 Glenburnie, Ontario

16 jan. 1968

Kæri frændi,

þakka þér fyrir jólakveðjuna. Okkur þótti það góðar fréttir að við mættum búast við þér (og vonandi Sigríði líka) í heimsókn í apríl. Ég vona bara að það verði farið að hlýna þá, ekki eins og síðastliðið vor, að það var komið langt fram í Mai, þegar bólaði á vorinu. Þessa dagana

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er ofsa kuldi og hefur frostið farið niður í 20-30 stig á Celcíus á nóttunni. Allskonar kuldamet slegin.

Við hlökkum mikið til að fá tækifæri til að taka á móti ykkur og sýna ykkur gamla húsið og landareignina. Eins og þú kannske veist þá búum við rétt fyrir utan Kingston (sem er um 100 mílur frá Ottawa). Hér fara flest farartæki um, nema flugvélar — það er of móðins fyrir okkur. Ef ferðinni er heitið til Ottawa þá getum við hæglega sótt ykkur þangað. Vona að þið megið vera að því að sleppa nokkra daga, að vísu höfum við ekki annað að bjóða upp á en sveita kyrrðina og heilnæmt loft og ágætan vínkjallara,

Við verðum sennilega búin að fá nýjan forsætisráðherra, (því miður) þegar þú kemur. Vonaðþað breyti engu hvað það þína snertir.

Hlakka voða mikið til að sjá ykkur. Bið að heilsa öllum. þín frænka

Ranka Hallders.

RR1, Glenburnie
Ontario, Canada.
30 sept. 1968

Kæri frændi,

þakka þér kærlega fyrir bréfin – svona er það, þeir sem hafa mest að gera mega alltaf vera að öllu! Ég var fegin að heyra að bókin var loks komin, en ég má til að leiðrétta þetta með „töfina" í sambandi við hana. Þannig er mál með vexti að hún var uppseld – en það var alltaf búist við henni í „næstu viku" – en loksins kom hún! En ég var alveg ákveðin í að það yrði þessi bók og engin önnur, sem við gæfum þér í minningu um komuna. Í fyrra, á 100 ára afmæli Kanada, var öllum þjóðhöfðingjum, sem heimsóttu Ottawa gefin hún í minningu um heimsóknina. Um áletrunina – 25 apríl – er það að segja að mér fannst svo gaman að það var sumardagurinn fyrsti (held ég) og svo setti þú það líka á Víkinga-bókina, svo ég gerði það sama!! Mikið er sú bók falleg – þakka þér voða vel fyrir að gefa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ollkur hana. Ég hafði lesið um hana í
Mogga en aldrei dottið í hug að hún
væri svona fín. Svo hversu sem ég
reyni þá get ég ekki kennt Trudeau
um seinaganginn á póstinum í þetta sinn,
ég kenni honum um nóg samt. Mogga
tekur ei svona 6–8 vikur á leiðinni að
jafnaði – en það gerir ekkert til ég gæti
ekki lifað án hans – nú er aðal
skemmtunin að lesa Reykjavíkur-bréf og
afmælis- og minningar-greinar.

Þakka þér líka fyrir að segja mér
frá veikindum Sveins – það var
ömurlegt að heyra að stóri frændi
skyldi fara að vera veikur. Við megum
engan veginn missa hann. Vonandi
hefur þetta allt tekist vel og vonandi
fær hann fulla heilsu aftur. Það
tekur víst sinn tíma eftir svona aðgerð.
Tengdamóðir mín var skorin upp við þessu
sama fyrir meira en ári síðan – hún
er yfir áttrætt (á heima í Brandon, Man.) og
virðist vera hin hressasta. Henni var
heldur ekki hugað líf – en hún hefur
sterkt hjarta og nýru og það er víst
tvennt sem mikið veltur á.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af okkur er allt gott að frétta, nema það að stóri hundurinn okkar dó í júlí. Við urðum loksins að láta svæfa hana (hún var bara 10 ára). Við söknum hennar voða mikið. En ég ætla að fá aðra hunda næsta ár, ég get ekki lifað án þeirra. þeir eru svo góðir félagar – rífast aldrei við mann en bara svolítið óþekkir og binda mann heima.

Við höfðum hugsað okkur að koma í sumar, en hvað drógst það, þegar hundurinn minn var lasinn og það var bara tíma-spursmál með hana og svo hvað Bensi dró að skrifa. Ég skrifaði honum í Janúar og fékk ekki „línu" frá honum fyrr en í lok júlí. (það var ekki svar við mínu Janúarbréfi heldur tillögurnar um skeytin, sem þú minntist á). þetta er ekki gott en virðist vera að skána og þakka ég það því að þú ert „að reka á eftir honum".

"Áður en við komum (ég treysti mér ekki til að koma ein) verð ég að hafa öll gögn í höndunum (eða það, sem ég álít nauðsynlegt), ég veit að þú skilur þetta – þú ferð ekki á „fund" nema þú hafir allt svarið á hreinu fyrst.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Það þýðir ekkert að halda að við systur getum talað um þessi mál, hvorki með skynsemi (þegar maður fær ekki nauðsynlegar upplýsingar), sanngirni eða í rólegheitum. Við erum ekki þannig gerðar, þessvegna verðum við að tala í gegnum okkar lögfræðinga, (eða hleðum það) enda á það að vera hægt, ef að þeir mega vera að því að sinna manni. En ég er hrædd um (alveg viss mína) að Benni hefur „misskilið" sitt hlutverk.

Ég ætla ekki að vera að þreyta þig á þessari rammaa rollu þú hefur nóg á þinni könnu. Vonandi raknar eitthvað úr efnahagsörðugleikunum hjá ykkur. Hér þökkum við okkar sæla fyrir að Diefenbaker er enn á þingi, til þess að stríða og halda Trudeau í skefjum. Sá gamli kann lagið á því. Hann er miklu betri í andstöðu og þannig mikill þarfa gripur, þegar menn eins og Trudeau komast að.

Bið að heilsa Sigríði og frændfólkinu. Vona að þið eigið erindi til Kanada áður en langt um líður. Þakka þér fyrir þitt góða bréf. Lawrence biður kærlega að heilsa.

Þín frænka

Ranka H.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. des. 1968.

Kæra frænka!

Ég hefi reynt að fylgjast með aðgerðum Bensa í ýmsum málum og hann sýnt mér bréf, sem á milli hafa farið. Mitt mat er það, að þið hjónin eigið að skreppa hingað öðru hvoru megin við áramót og þá sé hægt að ljúka málinu mjög fljótlega, e.t.v. með velvild en þó þannig að botn komist í þetta á 1-2 dögum. Að mínu viti hefur rétt verið að farið, en stífni gerir allar tilslakanir t.d. varðandi lóðir mjög erfiðar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ef þið væruð hér mundi ég og aðrir góðviljaðir menn geta skýrt samt, sem ykkur þykir skrítið nú, og reynt að stýra þessu eins farsællega í höfn og hægt er. Dráttur héðan í frá verður einungis til vaxandi leiðinda. Allt annað mál er, að vegna fjárhagskreppu kann að vera rétt að bíða með sölu á sumum eignum nú, en það skilst einnig betur við dvöl á staðnum.

Þeir vill selja Lundana en talan um, að á hvörtum þarfi að taka um óra mót.

Mín tillaga er: Komið bæði og eflið ykkur vikudvöl! Bið að heilsa Laurence"

Þinn frændi og vinur

Bjarni

RAUÐI KROSS ÍSLANDS — REYKJAVÍKURDEILD

ÖLDUGÖTU 4, PÓSTHÓLF 872, REYKJAVÍK

12. febrúar 1968.

Forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson
Háuhlíð 14
R.

Um leið og vér viljum þakka yður fyrir þá velvild, sem þér hafið ávallt sýnt starfi Rauða krossins, vildum vér vinsamlegast láta yður vita, að félagið mun ekki standa fyrir dansleik á Öskudaginn, eins og undanfarin ár.

Hinsvegar er ráðgert að fella ekki niður þessa venju, þrátt fyrir það að ýmsar ástæður hindri það, að Öskudagsdansleikur verði haldinn í ár. Verður því gert ráð fyrir því, að dansleikurinn verði, sem áður, fastur liður í fjáröflun félagsins til líknarmála.

Rauði krossinn leyfir sér að mega vænta áframhaldandi stuðnings yðar við starfsemi sína.

Virðingarfyllst,
fh. Rauða kross Íslands
Ó. Stephensen
Ólafur Stephensen

ÓS/mg

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FORSÆTISRÁÐHERRA

Reykjavík 26. febr. '68

Kære Tönnes!

Min rejse til Oslo var efter min mening vellykket. Nordisk Raads möde gik som jeg havde ventet, jeg holdt min obligatoriske tale og fik konstateret i privat samtalen, at jeg kunde ikke göre mere for Loftleiðir end jeg allerede havde gjort! Jeg havde ogsaa mange interessante samtalen, bl.a. med vore gensidige venner Einar Gerhardsen og frue, Helge Sivertsen og frue, Trygve Bratteli og Kristian Ottosen. Med den sidst-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nævnte havde jeg et langt og nyttig samtale, og med Gerhardsen og Lyng tror jeg nu, at det er sikkert, at de besøger os i Island i sommer. Tiden maa vi se nærmere paa, baade med hensyn til deres ønsker og paa grund af de politiske vanskeligheder med overhængende alvorlig strejke, som vi nu har her i landet.

Det eneste, som jeg savnede i Oslo, var, at se ikke min ven Tønnes. Men netop nu fik jeg hans billede tilsendt, naturligvis sort og lidt smukkere end i naturen, men vi alle genkendte det med det samme. Min bedste tak. Med kærlig hilsen til Henny og børnene fra alle i Háuhlíð 14. Paa snarligt gensyn

Din hengivne ven
Bjarni

Siger Du er meget ked af ikke at kunde med- [illegible]

FORSÆTISRÁÐHERRA

Reykjavík 26. febr. '68.

Góði vinur!

Nú, eins og oft áður, þakka ég þér skjóta og örugga afgreiðslu minna mála. Skyrtuhnapparnir eru komnir til skila ásamt vinsamlegu bréfi. Til greiðslu á viðgerðarkostnaði svo og fjárhæð þeirri, sem Sveinn fékk mín vegna, sendi ég hér með ferða-tékka samtals £ 150.-.-. Þá minnir mig, að ég eigi frá fyrri tíð afgang einhverra greiðslna hjá sendiráðinu. Vil ég biðja þig um

Eiríkur Benedikz, sendiráðunautur,

London.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að athuga það og taka þá peninga upp í þessa skuld, en senda mér til greiðslu hér heima í utanríkisráðuneytið það, sem þá verður eftir. Sveinn gerði ráðstafanir til að mér yrðu sendar fyrir milligöngu sendiráðsins – í stjórnarpósti – tvær gamlar myndir, sem hann keypti á mínum vegum. Bið ég þig vinsamlega að komast við þær og annast heimsendingu.

Með bestu óskum þér og þínu fólki til handa

þinn einlægur
Bjarni Benediktsson

Fremangreindir ferðatékkar útg. 12/2'68 (Landsb. Ísl. / Barclays B.) sundurliðast sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 21/748823 – 24 | á £ 5-0-0 | = | £ 10-0-0 |
| 22/467330 – 32 | " " 10-0-0 | = | " 30-0-0 |
| 23/200401 – 03 | " " 20-0-0 | = | " 60-0-0 |
| 24/045789 | " " 50-0-0 | = | " 50-0-0 |

Samt. £ 150-0-0

ALÞINGI

25/7 68

Forsætisráðherra

dr. Bjarni Benediktsson

Því miður get ég ekki mætt á miðstjórnar fundi á morgun.

Ég vildi þess vegna senda þér örfáar línur til þess að vekja athygli þína á áframhaldandi veikindum Axels Jónssonar.

Á fundi miðstjórnar í des. s.l. þá minntist

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því á Axel Jónsson
og hans fjárhagsörðug-
leika.

Ég gat þess því að
Alþingi myndi greiða
honum laun einhvern
tíma, sem reyndist
6 mán. frá miðjum
maí s.l.

Axel er nú lagstur
á sjúkrahús aftur
og hefur verið þungt
haldinn, auk þess
orðið að sjá á
bak syni sínum á
svo hörmulegan hátt

Ég veit ekki hvort
og þá með hvaða hætti
flokkurinn getur hlaupið
undir bagga, en ég
vildi ekki láta hjá
líða að vekja athygli
þína á þessu.

Ef þú verður á
skrifstofu þinni á
byrjun næstu viku,
þá hefði ég áhuga
á að tefja þig í
nokkrar mínútur.

Með kveðju
Matthías Á. Mathiesen

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

MÁLFLUTNINGSSKRIFSTOFA
EINAR B. GUÐMUNDSSON, GUÐLAUGUR ÞORLÁKSSON,
GUÐMUNDUR PÉTURSSON

Með kveðju
Gud. Þ.

30. ágúst 1968.

Hr. ráðherra Ingólfur Jónsson,
R e y k j a v í k.

Ég undirritaður, Guðlaugur Þorláksson, löggiltur fasteignasali, Aðalstræti 6, sem annaðist sölu á fasteigninni nr. 2 við Thorvaldsensstræti hér í borg til Póst- og símamálastjórnarinnar, staðfesti hér með að í öllum skjölum og samningum er skýrt tekið fram að eignarlóðin sé talin vera að stærð 601,8 ferm. Er hvergi minnst á lóð í Vallarstræti, enda sú lóðarræma eign Borgarsjóðs Reykjavíkur, og því algjörlega óviðkomandi sölu þessari, þótt Sjálfstæðisflokkurinn hafi haft afnotarétt af henni.

Ég sendi hér með vottorð lóðarskrárritarans í Reykjavík, til staðfestu á því að eignarlóðin nr. 2 við Thorvaldsensstræti sé 601,8 ferm., og að lóðarræman við Vallarstræti sé þar fyrir utan.

Guðlaugur Þorláksson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lóðaskrárritari

Reykjavík, 30. ágúst 1968.

Það staðfestist hérmeð, að eignarlóðin nr. 2 við Thorvaldsensstræti er talin 601,8 fermetrar í lóðamerkjabók Reykjavíkurborgar.

Lóðarræma í Vallarstræti, sem er eign Reykjavíkurborgar, er ekki talin með í þessu flatarmáli.

Lóðaskrárritarinn
30 Ag. 1968
í Reykjavík

Árni Þ. Árnason

Hr. Guðlaugur Þorláksson,
Aðalstræti 6,
Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur